

18. nóvember 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsógn um frv. til l. um brt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt (7. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 20. október sl. þar sem óskað er eftir umsógn um ofangreint mál, sem varðar hækkun hlutfallsprósentu fjármagnstekjuskatts.

SBV eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins, gegnum Samtök fjármálafyrirtækja, og taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsógn SA um málið.

Þótt erfitt geti verið að festa hendur á nákvæmlega í tölum verður ekki horft fram hjá því stóra hlutverki sem hófleg skattlagning fjármagnstekna hefur átt í eflingu íslensks efnahagslífs síðasta áratug, landsmönnum öllum til hagsbóta. Horfa ber til þess að samanburður við lönd með hærri skatthlutföll, eins og gert er í greinargerð, er varhugaverður vegna ýmiss konar undanþága sem ekki koma fram í samanburði á skatthlutföllum eingöngu. Eftir því sem undanþágurnar eru fleiri og skattfrelismörk hærri, þeim mun hærri verður skatthlutfallið að vera. Síðan, eftir því sem skatthlutfallið er hærri þeim mun skaðlegri er skatturinn fyrir viðskipti og hagvöxt og þar með velferð þegnanna.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
frankvæmdastjóri